



**Ársskýrsla**  
**Menntaskóla Borgarfjarðar**  
**árið 2017**

## **Inngangur**

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólastarfs á liðnu ári og hvernig til hefur tekist við að ná markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Skólaárið 2017 gekk vel. Farið var af stað með aðgerðaráætlun með það að leiðarljósi að skerpa á ýmsum þáttum í skólastarfinu og betrumbæta MB sem menntastofnun. Farið var í gegnum leiðsagnarmat sem er ein sérstaða skólans, kennsluhættir voru skoðaðir og unnið var að nýrri Framhaldsskólabraut sem hefur nú verið samþykkt. Kynningarmál skólans voru tekin fyrir og gerðar endurbætur á kynningarbæklingi svo að eitthvað sé nefnt. Samstarf við erlenda skóla hefur haldið áfram en á haustmánuðum 2017 hóf MB þátttöku í tveimur nýjum verkefnum, annars vegar við Nannestad í Noregi og svo samstarf fjögurra skóla, MB, skóla í Skotlandi, Hollandi og á Spáni. Vel var haldið utan um gæðastarf MB og haldið var áfram með gæðagreina og aðra verkferla í kringum gæðastarf skólans og málefnum fylgt eftir. Skólinn fór í ytra mat í september 2017 og gekk það vel. Hér á eftir verður nánar gert grein fyrir framvindu skólastarfsins.

## **Áherslur og meginsvið**

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu á ákveðnum sviðum. Nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum en skólaárið er 180 starfsdagar nemenda. Formleg annarpróf eru ekki til staðar. Leiðsagnarmat er notað við námsmat í öllum áföngum. Nemendur fá endurgjöf á nám og vinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir netinu í skólanum. Skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu. MB er eini skólinn á landinu sem býður uppá nám í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (Lbhí) en í því námi er nemendum kleift að taka tvö ár á Náttúrufræðibraut í MB og svo tvö ár í búfræði við Lbhí og útskrifast þá sem stúdentar og búfræðingar að loknu fjögurra ára námi.

## **Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna**

Menntaskóli Borgarfjarðar er með samning við Borgarbyggð um leigu á 1890 fm húsnæði í Hjálmakletti að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi. Aðstaða skólans nær yfir átta kennslustofur, stjórnunarrými, aðstöðu fyrir kennara, mötuneyti, opin rými og félagsaðstöðu fyrir nemendur. Skólinn hefur aðgang að tónlistar- og ráðstefnusal Borgarbyggðar í sama húsnæði. Íþróttakennsla fer fram í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi.

## **Nemendur**

Á vorönn 2017 voru 138 nemendur, 59 drengir og 79 stúlkur. Á haustönn 2017 innrituðust 135 nemendur, 65 drengir og 70 stúlkur. Meðaltalsfjöldi nemenda á vorönn og haustönn var 137 (136,5).

**Tafla 1 Fjöldi nemenda eftir kyni**

	Vorönn 2017	Haustönn 2017
Fjöldi nemenda	138	135
Stúlkur	79 (57,2%)	70 (51,8%)
Drengir	59 (42,8%)	65 (48,2%)

Tafla 2 og 3 sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri á vor- og haustönn. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð.

**Tafla 2 Búseta nemenda**

Lögheimili	Vorönn 2017	Haustönn 2017
Borgarbyggð	78%	75%
Vesturland	11%	11%
Utan Vesturlands	11%	14%

**Tafla 3 Aldur nemenda**

Fæðingarár	Vorönn 2017	Haustönn 2017
2002		1%
2001	3%	27%
2000	24%	23%
1999	23%	19%
1998	22%	9%
1997	9%	4%
1996	2%	4%
Fyrir 1996	17%	13%

Brottfall MB er skilgreint sem það hlutfall nemenda sem hefur nám við skólann í upphafi annar og hættir áður en önn lýkur. Brottfall nemenda skólaárið 2017 var 6,1%. Nýtingarhlutfall hópa miðað við 25 nemendur í bóklegum greinum og 15 í list- og tölvugreinum var 73%.

Námsframboð og skipting nemenda á brautir er sett fram í töflu 4.

**Tafla 4 Námsframboð og skipting nemenda á brautir**

Námsframboð	Skipting á brautir á vorönn 2017	Skipting nemenda á brautir á haustönn 2017
Félagsfræðabraut	48	38
Íþróttabraut – félagsfræðasvið	7	8
Náttúrufræðibraut	45	42
Íþróttabraut – náttúrufræðisvið	12	9
Náttúrufræðibraut-búfræðisvið	2	1
Framhaldsskólabraut	6	13

Starfsbraut	7	6
Grunnskólabraut	4	1
Opin braut	5	16
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	1
Alls	138	135

## Starfsfólk

Við skólann störfuðu alls 28 starfsmenn. Stöðugildi alls voru um 18,7. Við skólann starfa skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar, námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður og félagsmálafulltrúi, stuðningsfulltrúi, matráður, ræstitæknir og húsvörður. Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum. Tölvuumsjónarmaður tók að sér að vera einnig húsvörður frá hausti 2017. Nýr íslenskukennari tók til starfa í stað tveggja kennara í hlutastarfi. Einn kennari fór í ársleyfi frá hausti 2017 og fengin var afleysingakennari í hans stað auk þess sem einstaka stundakennarar og verktakar störfuðu við MB á árinu. Þrír kennaranemar voru í vettvangsnámi í MB á árinu 2017.

**Tafla 5 Skipting kennarahópsins eftir aldri, kyni og starfshlutfalli árið 2017**

Aldur í árum	Í Fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29	1			
30-39	1	1	1	1
40-49	2		1	2
50-59		2	1	4
60-69				1
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>8</b>

**Tafla 6 Menntun kennara**

Menntun kennara	Fjöldi
PhD próf	3
MA/MSc/MEd	9
BA/BSc/BEd	6

## Framkvæmd markmiða

### *Helstu markmið skólasamnings*

Unnið var að Framhaldsskólabraut sem fékkst samþykkt hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ávallt er leitast við að efla gæði kennslu í MB með að styrkja þekkingu kennara í formi fyrirlestra og endurmenntunar. Kennarar voru sem fyrr hvattir til endurmenntunar ásamt því að fengnir voru fyrirlesarar til skólans meðal annars um upplýsingatækni í kennslu. Árangur í skólastarfi var áfram mældur með kennslumati og með gæðagreinum. Skólastjórnendur eru almennt ánægðir með niðurstöður þeirra. Gæðagreinirinn Stjórnun og forysta var innleiddur. Haldið var áfram með vinnu varðandi skólaþróun og að marka sérstöðu MB. Niðurstaðan var sú að MB heldur sérstöðu sinni, er leiðandi hvað varðar 3ja ára nám til stúdentsprófs, þá

hefur námsmat skólans ákveðna sérstöðu þar sem allt námsmat er leiðsagnarmat/símat þar sem mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu jafnt og þétt yfir önnina. Sérstaðan liggur þó ekki síst í vörðum sem nemendur fá þrisvar sinnum yfir önnina með persónulegri leiðsögn um hvað þeir verði að bæta til að ná markmiðum áfanganna. Þá er MB eini skólinn á landinu sem býður uppá nám á Náttúrufræðibraut – búfræðisviði í samvinnu við Lbhí.

### *Nemendagarðar*

Rekstur nemendagarða gekk mjög vel. Nemendagarðar voru fullnýttir árið 2017 á skólatíma auk þess sem húsnæðið var leigt út til ferðaþjónustuaðila yfir sumartímann þannig að leigutekjur dattu ekki niður.

## **Kennsluhættir og námsmat**

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2017. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru allir réttindakennarar.

Skólinn bauð upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs, náttúrufræðibraut, félagsfræðabraut, íþróttufræðibraut og opinni braut. Nemendur gátu svo valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið á íþróttufræðibraut auk búfræðisviðs á náttúrufræðibraut. Skólinn bauð einnig upp á viðbótarnám til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Skólinn leggur mikla áherslu á verkefnavinnu og persónuleg tengsl við nemendur.

Námsmat í MB byggist fyrst og fremst á leiðsagnarmati en formleg annarpróf í lok anna eru ekki til staðar. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og hvað er ætlast til af þeim. Leiðsagnarmat byggist því á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Kennari veitir hverjum nemanda um sig almenna umsögn og leiðbeiningar um gengi nemandans í áfanganum á svokölluðum vörðum, eða með öðrum, sambærilegum hætti, án þess að einkunn fylgi með. Vörður eru þrisvar á önn. Nemendum var boðið uppá heimanámsaðstoð þar sem þeir gátu komið með verkefni sín og fengið leiðbeiningar.

## **Stjórnun**

Engar breytingar urðu á stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar. Vilhjálmur Egilsson var stjórnarformaður áfram og aðrir stjórnarmenn héldu áfram störfum; Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, Inga Björk Bjarnadóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra, Guðrún Vala Elísdóttir, fulltrúi nemenda, Dagbjört Diljá Haraldsdóttir og fulltrúi kennara, Sigurður Örn Sigurðsson. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þær Guðrún Vala Elísdóttir, Ingunn Alexandersdóttir og Sigurbjörg Kristmundsdóttir. Nemendafélag skólans skipa frá hausti Dagbjört Diljá Haraldsdóttir formaður, Jarþrúður Ragna Jóhannsdóttir gjaldkeri, Snæþór Bjarki

Jónsson ritari, Sveinbjörn Sigurðsson skemmtanastjóri og Þórður Brynjarsson meðstjórnandi. Skólaráð skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, Dagbjört Diljá Haraldsdóttir nemandi, Snæþór Bjarki Jónsson nemandi, Bjarni Þór Traustason kennari og Sigurður Örn Sigurðsson kennari.

## Rekstur og fjármál

Tekjur skólans á árinu 2017 stóðu undir rekstri og er rekstur skólans í mjög góðu jafnvægi. Vísað er hér í ársreiknings 2017. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð.

## Samstarf við aðra

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi bæði við nærsamfélagið, stofnanir, fyrirtæki og skóla á erlendri grundu. Menntaskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Snæfellinga eru í samstarfi um vistun og þjónustu við kennslukerfið moodle. Fjölbrautarskóli Snæfellinga, Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi og Menntaskóli Borgarfjarðar hafa einnig átt í samstarfi og hittust stjórnendur þessarra þriggja skóla reglulega á fundum. Skólarnir héldu sameiginlegan starfsdag þar sem fræðsla var fengin og faglegt samtal fór fram á milli kennara skólanna. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við fyrirtæki í nærsamfélaginu um verknám nemenda á starfsbraut. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þjónustar nemendur skólans mjög vel ásamt því sem lítið safn handbóka og fræðibóka er til í skólanum. Samstarf MB við Nils Fredriksson-utbildning í Svedala í Svíþjóð lauk á vormánuðum 2017 en við tóku tvö ný samstarfsverkefni. Fyrri verkefnið er samstarfsverkefni við framhaldsskóla í Nannestad í Noregi, það samstarf fjallar hvað helst um norrænar sögur/þjóðsögur, kynjafræði og helsta mun þessara tveggja samfélaga Íslands og Noregs. Síðara samstarfsverkefnið er samstarf skóla frá fjórum löndum Íslandi (MB), Hollandi, Skotlandi og Spáni. Það verkefni gengur fyrst og fremst útá umhverfismál og þá sérstaklega hvað varðar vatn, orku, sorp og mat. hélt áfram. Skólarnir skiptast á heimsóknnum nemenda og kennara og vinna saman að öflun styrkja til þróunarverkefna í tengslum við heimsóknir skólanna.

Borgarnesi 20. mars 2018



Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR  
SKÓLAMEISTARI